



Aðalfundur 2022

Stjórn hefur ákveðið að halda aðalfund félagsins þann **24. mars 2022, kl. 14:30**. Félagsmenn eru hvattir til að taka frá þennan tíma til að mæta á aðalfund félagsins. Félagið gerir ráð fyrir að aðalfundurinn verði í fjarfundi.

Framboðsfrestur til embætta og trúnaðarstarfa

Þeir félagsmenn sem vilja gefa kost á sér til embættis eða trúnaðarstarfa sem kosið verður í á aðalfundi Félags íslenskra náttúrufræðinga í mars næstkomandi skulu tilkynna stjórn FÍN um framboð sitt fyrir **1. febrúar nk.**

Frestur til að skila inn lagabreytingatillögum

Tillögur félagsmanna um breytingar á lögum félagsins skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir **1. febrúar nk.**

Umsóknafrestur um styrk úr Vísindasjóði FÍN

Minnt er á að síðasti skilafrestur umsókna um styrk úr Vísindasjóði FÍN er **31. janúar nk.** vegna tímabilsins **1. nóvember 2020 til 31. október 2021.** Hægt er að sækja um styrk vegna fyrra árs hafi ekki verið sótt um hann.

Skrifstofa FÍN er að
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið:

Mánudaga og miðvikudaga

Frá kl. 13:00—14:00

Þriðjudaga og fimmtudaga

Frá kl. 11:00—12:00

Sími: 595-5175

Netfang: fin@bhm.is

Veffang: www.fin.is

Starfsmenn á skrifstofu:

Marianna H. Helgadóttir
Formaður og framkv.stjóri

Runólfur Vigfússon
Lögfræðingur

Orri Þrastarson
Sérfræðingur

Útgefandi: FÍN

Ábyrgðamaður:

Marianna H. Helgadóttir

Upplag:

Netútgáfa

Mynd: Riturinn (MHH)

Framboð í embætti og trúnaðarstöður

Allir félagsmenn sem ætla að bjóða sig fram til embætta eða trúnaðarstarfa á aðalfundi FÍN þurfa að tilkynna um framboðs sitt til stjórnar FÍN samkvæmt lögum félagsins eigi síðar en 1. febrúar nk.

Vinsamlegast sendið tilkynningu um framboð með því að fylla út eftirfarandi [eyðublað](#).

Hægt er að bjóða sig fram í eftirtalin embætti/trúnaðarstöður hjá félaginu:

Stjórn:

Formaður

Stjórnarmenn (9)

Stjórn Kjaradeilusjóðs:

Aðalmenn (1)

Siðanefnd:

Aðalmenn (3)

Varamaður (1)

Ekki er hægt að bjóða sig fram á sjálfum aðalfundinum, en kosið er á milli frambjóðanda á aðalfundinum.

Lagabreytingatillögur

Tillögu félagsmanna um breytingar á lögum félagsins skulu hafa borist stjórn fyrir 1. febrúar nk.

Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér [lög](#) félagsins, reglur [kjaradeilusjóðs](#) og [starfsreglur](#) siðanefndar FÍN.

Vinsamlegast sendið inn lagabreytingartillögur til stjórnar FÍN með því að senda tölvupóst á netfangið fin@bhm.is

Líkamsræktarstyrkur

Nýlega gengu í gegn breytingar á samþykktum Sjúkrasjóðs og hefur líkamsræktarstyrkur verið hækkaður.

- Líkamsræktarstyrkur Sjúkrasjóðs BHM: 25.000 kr.
- Líkamsræktarstyrkur Styrktarsjóðs BHM: 20.000 kr.

Félagsmenn sem starfa á almennum markaði eru í Sjúkrasjóði BHM.

Félagsmenn sem starfa á opinberum markaði eru í Styrktarsjóði BHM. Nánari upplýsingar má finna á mínum síðum á www.bhm.is

Pistill formanns

Kæru félagsmenn

Margir eru örugglega orðnir langþreyttir á ítrekuðum Covid-19 bylgjum og takmörkunum stjórnvalda, en ég hef fulla trú á því að bjartari tímar séu framundan. Margir félagsmenn hafa unnið baki brotnu í þessum faraldri og eiga þeir sem aðrir þakkir skyldar fyrir sitt framlag. Ég er þakklát fyrir það að þeim aðgerðum sem oftast hefur verið beitt byggja á vísindalegum grunni, það er mikilvægt að mínu mati þegar ákvarðanir eru teknar.

Þessi faraldur hefur líka kennt okkur margt og ýtt okkur út í það að nýta tæknina betur, sem alveg má líta til með jákvæðum hætti. Margir okkar félagsmenn hafa unnið heima ef þeir lenda í einangrun þar sem veikindin hafa verið væg eða ef þeir hafa lent í sóttkví. Vegna þessarar fjarfundatækni hefur þetta verið auðvelt fyrir suma en margir sakna félagsskapar vinnufélaganna en öðrum hentar þetta mjög vel. Þannig að faraldurinn hefur líka leitt eitthvað jákvætt af sér.

Veikindalaun vegna Covid-19

Þeir sem hafa orðið óheppnir og veikst af Covid-19 þurfa að fylgja fyrirmælum stjórnvalda. Þegar stjórnvöld meina þér um að mæta í vinnu vegna þess að þú ert í einangrun eða þarft að sæta sóttkví af því að þú getur verið útsettur fyrir smiti þá átt þú ekki að þurfa að sæta því að fá ekki launagreiðslur. Í einangrun áttu rétt á veikindalaunum og í sóttkví áttu rétt á fjarveru frá vinnu á launum þar sem Vinnumálastofnun greiðir styrki vegna starfsmanns sem lendir í sóttkví.

Réttindi bólusettra og óbólusettra

Nokkur umræða hefur verið í samfélaginu um afstöðu til bólusetningar. Félagið tekur ekki afstöðu til þess hvort félagsmenn eigi að láta bólusetja sig eða ekki, en félagið mun verja réttindi okkar félagsmanna með þeim hætti að ekki verði starfsmönnum mismunað á grundvelli þess hvort þeir séu bólusettir eða ekki.

Nú hafa Samtök atvinnulífsins kallað eftir því að ríkið greiði fyrirtækjum þann kostnað sem þeir verða fyrir vegna einangrunar starfsmanna. Verði niðurstaðan sú að ríkið ætli að endurgreiða fyrirtækjum kostnað vegna veikindalauna sem þeir hafa þurft að greiða vegna einangrun starfsmanna þá er það sjálfsögð krafa að starfsmenn þurfi ekki að taka fjarveru vegna einangrunar út sem veikindadaga.

Réttarstaða

Félagið styður við bakið á þeim félagsmönnum sem leita til okkar og ég hvet félagsmenn að hafa samband ef þeir eru ekki vissir um réttarstöðu sína. Þú getur pantað viðtalstíma á netfanginu fin@bhm.is.

Örmögnun, kvíði, depurð og áhyggjur

Að lokum þá vil ég biðja félagsmenn að vera vakandi yfir heilsu sinni en ég hef töluverðar áhyggjur af því álagi sem margir starfsmenn hafa lent í og hefur fylgt þessum faraldri. Finni félagsmenn fyrir minna úthaldi eða orkuleysi, kvíða, depurð eða hafa meiri áhyggjur, en viðkomandi telur eðlilegt, þá getur það verið vísbending um að kulnun sé á næsta leiti og ábending um að staldra við. Ég hvet félagsmenn í þessum aðstæðum til að leita sér ráðgjafar hjá félaginu eða leit beint til fagaðila, s.s. lækni eða sálfræðingi, sem fyrst ef þannig er ástatt hjá þeim. Það er margfalt skynsamlegra að takast á við þessa líðan með fagaðilum áður en viðkomandi verður óvinnufær að hluta eða öllu leiti.

Með bestu kveðjum,
Maríanna H. Helgadóttir, formaður

Um hlutaveikindi

Reglulega er leitað til skrifstofu FÍN vegna hlutaveikinda og því er mikilvægt að félagsmenn kanni hvað reglur gildi um slíkt.

Hlutaveikindi eiga við þegar starfsmaður sinnir skertu starfi á móti töku veikindalauna, s.s. þegar viðkomandi kemur að nýju til starfa eftir veikindi, þá almennt að læknisráði. Ekki er í öllum tilvikum unnt að veita starfsmönnum þann sveigjanleika sem fellst í hlutaveikindum.

Talning veikindadaga í hlutaveikindum er almennt ekki með neinu öðru sniði en þegar um almenn veikindi er að ræða, þ.e. einn dagur telst til veikinda fyrir hvern dag í veikindum, þó viðkomandi sinni starfi í hálfan dag. Aftur á móti hefur verið samið miðlægt um að í hlutaveikindum skuli telja veikindadaga með öðrum hætti, m.a. hjá sveitarfélögum, en gera þarf sérstakt samkomulag um slíkt í tilfelli ríkis.

Slík talning veikindadaga byggir á að viðkomandi starfsmanni sé skipt upp, eins og um tvo starfsmenn sé að ræða, sem gegna hvoru sínu hlutastarfi, annar er veikur en hinn frískur.

Leiðir slíkt til að telja skuli veikindadaga að fullu hjá hinum veika en sá fríski ávinnur sér veikindarétt í samræmi við unnið starfshlutfall. Ekki er heimilt að deila veikindarétti milli þessara tveggja ímynduðu starfsmanna heldur helst þessi skipting þangað til að 12 mánuður eru liðnir frá lokum veikinda.

Sem dæmi ná nefna að einstaklingur sem á 133 daga veikindarétt í 100% starfi verður að fullu leyti veikur þann 2. febrúar 2021 og er veikur í 100 daga, þ.e. til 13. maí 2021. Þá kemur viðkomandi að nýju til starfa í hlutaveikindum sem nemur 50% til 30. desember 2021 þegar viðkomandi kemur að fullu til starfa að nýju. Þá nýtur viðkomandi fullra launa, þ.e. 50% fyrir vinnuframlag og 50% í veikindaleyfi, til 15. júní 2021, þegar 133 daga veikindaréttur er fullnýttur hjá hinum veika. Frá þeim tíma nýtur viðkomandi eingöngu launa sem nemur 50% starfshlutfalli þangað til að starfshlutfall fer í 100% þann 30. desember 2021. Talning veikindadaga heldur áfram hjá starfsmanni V (hinn veiki) þó veikindaréttur sé fullnýttur. Verði starfsmaður F (hinn fríski) veikur eftir 15. júní 2021, t.d. vegna umgangspesta, þá nýtur viðkomandi veikindaréttar sem nemur sínu starfshlutfalli, þ.e. sem nemur 50% starfshlutfalli. Starfsmaður V (hinn veiki) á veikindarétt þegar fjöldi veikindadaga á hverju tólf mánaða tímabili er komið undir 133 daga, sem miðað við hið ímyndaða dæmi á sér stað 19. ágúst 2022, sem nemur einum degi, að því gefnu að viðkomandi verði ekki fyrir veikindum eftir 30. desember 2021.

Umrædd talning getur verið flókin og örðugt að skilja nema með fullnægjandi kerfi eða töflureikni til þess að halda utan um slíka talningu, sérstaklega ef um stigmagnandi hækkun starfshlutfalls er um að ræða.

Rétt getur verið að leita til félagsins varðandi slíka útreikninga eða til viðkomandi trúnaðarmanns.

Skrifstofa FÍN veitir alla almenna ráðgjöf varðandi veikinda félagsmanna. Einnig er hægt að kynna sér úrræði á heimasíðu FÍN sem og á heimasíðu sjúkra- og styrktarsjóðs BHM.

Vísindasjóður

Almennur umsóknarfrestur um styrk úr Vísindasjóði FÍN er frá **1. desember 2021 til 31. janúar 2022**. Umsóknir sem berast frá og með 15. desember 2021 til 31. janúar 2022 verða greiddir í byrjun febrúar 2022. Allir styrkir verða afgreiddir eigi síðar en 4. febrúar 2022, svo fremi að allar upplýsingar liggi fyrir.

Styrkurinn fyrir árið 2021 verður 120.000 kr. miðað við 100% starfshlutfall á tímabilinu 1. nóvember 2020 til 31. október 2021 og verður styrkurinn lagður inn á reikning umsækjanda. Sækja skal um styrkinn rafrænt á heimasíðu FÍN - [Mínar síður](#). Engin gögn þurfa að fylgja umsókn og hægt er að fylgjast með vinnslu umsóknar á mínum síðum. Nánari upplýsingar um Vísindasjóð FÍN eru á vefsvæði [FÍN](#).

Í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og FÍN sem undirritaður var þann 21. desember 2015 var iðgjald í Vísindasjóð FÍN vegna félagsmanna FÍN sem starfa hjá borginni hækkað úr 1,5% í 1,6%. Vísindasjóðsstyrkur til félagsmanna sem starfa hjá Reykjavíkurborg verður því 128.000 kr. fyrir árið 2021, í samræmi við hækkun iðgjalda frá vinnuveitanda.

Rétt til úthlutunar úr sjóðnum hafa sjóðsfélagar sem hafa greitt í sjóðinn. Greitt er í sjóðinn fyrir þá aðila sem þiggja laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ríkisstarfsmenn eiga ekki rétt á styrk úr sjóðnum. Á almennum markaði geta launþegar samið um það í ráðningarsamningi að greitt sé í Vísindasjóð FÍN.

Ef þú veist ekki hvort þú eigir rétt á styrk úr Vísindasjóði FÍN er best að fara inn á mínar síður og kanna það. Sjáir þú þar hnapp sem heitir Vísindasjóður þá áttu mögulega rétt úr sjóðnum. Ef enginn hnappur er sýnilegur þá áttu ekki rétt á greiðslum úr Vísindasjóði.

Ef upp koma vandamál þegar sótt er um styrkinn þá vinsamlegast hafið samband við skrifstofuna í síma 595-5175 eða sendið tölvupóst á netfangið fin@bhm.is.

Opnunartími skrifstofunnar

Vegna Covid-19 hefur skrifstofa FÍN verið lokað fyrir heimsóknir og flestir fundir og viðtöl fara fram í gegnum fjarfundarbúnað. Símatími á skrifstofu félagsins er mánudaga og miðvikudaga frá 13:00 - 14:00 og þriðjudaga og fimmtudaga frá 11:00 - 12:00, lokað er á föstudögum.

Við biðjum félagsmenn að hafa samband við okkur símleiðis á þessum tíma til að fá upplýsingar hjá okkur eða bóka viðtal í gegnum fjarfundarbúnað. Einnig geta félagsmenn sent okkur tölvupóst á netfangið fin@bhm.is og óskað eftir því að við höfum samband eða óskað eftir viðtalstíma sem hentar okkar félagsmönnum.

Lækkun félagsgjalda FÍN

Síðustu áramót lækkuðu aðildargjöld Bandalags háskólamanna, í kjölfarið var ákveðið á aðalfundi að félagsmenn FÍN skyldu njóta ávinningsins af þeirri lækkun. Því voru félagsgjöld FÍN lækkuð í 0,65% en sú breyting tók gildi síðasta vor.

Nú hefur verið útbúin handhæg reiknivél sem sýnir ávinninginn af því að vera í FÍN miðað við önnur stéttarfélög. Hægt er að setja inn meðallaun og núverandi félagsgjald og bera saman við önnur stéttarfélög. Við hvetjum alla þá sem eru að velta fyrir sér vali á stéttarfélagi að skoða samanburðinn. Hægt er að skoða reiknivélina [hér](#).

Félagsgjald er iðgjald sem atvinnurekandi dregur af launum starfsmanns og kemur fram á launaseðli. Aðrar greiðslur í sjóði stéttarféлага eru í formi mótframlags frá atvinnurekanda. Mótframlag atvinnurekanda getur verið misjafnt og fer eftir ákvæðum kjarasamninga sem laun eru greidd eftir.

Sé enn dregið 0,7% af launum félagsmanna er viðkomandi beðinn um að hafa samband við atvinnurekanda sinn svo hægt sé að leiðrétta slíkt.

Orlofssjóður BHM

Stjórn Orlofssjóðs BHM ákveðið að ráðstafa auknu fé í niðurgreiðslur á hótलगistingu, flugfargjöldum, veiðikortum, útilegukortum og ýmsum gjafabréfum fyrir sjóðfélaga frá því sem verið hefur. Á móti verður dregið úr framboði orlofshúsa og íbúða á sumrin. Við hvetjum félagsmenn okkar til að kynna sér hvernig niðurgreiðslum á ferðaávísunum, gjafabréfum og kortum verður háttað á [vef Orlofssjóðs BHM](#).

Aðrir sjóðir BHM

Reglum sjóða er oft breytt um áramót og hvetur félagið félagsmenn til að kynna sér úthlutunarreglur [Styrktarsjóðs BHM](#), [Sjúkrasjóðs BHM](#) og annarra sjóða BHM, eins og [Starfsmenntasjóð BHM](#) og [Starfsþróunarsetur háskólamanna](#). Sótt er um styrki í gegnum [mínar síður](#).

Fræðsluvefur BHM

Á vef BHM hefur verið útbúið lokað svæði undir heitinu [fræðsluvefur BHM](#) og þar geta félagsmenn aðildarfélaga BHM geta sótt sér námskeið sem eru í formi myndbanda. Helstu námskeið sem eru í boði í dag eru: Jafnrétti á vinnustað, kynning á sjóðum BHM, réttindi á vinnumarkaði, næstu skref eftir atvinnumissi, Styttling vinnuvikunnar, rekstur smáfyrirtækja og næstu skref eftir atvinnumissi, ásamt fræðslufni fyrir trúnaðarmenn. Félagsmenn eru hvattir til að skrá sig inn og kynna sér það sem er í boði hverju sinni.